

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F124/2022

Reykjavík, 24. febrúar 2023

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Vísað er til svars heilbrigðisráðuneytisins 31. janúar sl. við fyrirspurn umboðsmanns frá 23. desember 2022 viðvíkjandi almennum töfum á meðferð kvörtunarmála hjá embætti landlæknis.

Í svarinu kemur m.a. fram að ráðuneytið sé meðvitað um að málsmeðferðartími kvartana hjá embætti landlæknis sé langur. Fjöldi kvartana sé mikill auk þess sem málsmeðferð kvartana sé oft þung í vöfum, einkum þegar embættið afli umsagnar óháðs sérfræðings. Af upplýsingum landlæknis um stöðu kvartana megi ráða að málsmeðferðartími í meiri hluta kvörtunarmála sé lengri en þeir 12 til 24 mánuðir sem greinir á vef embættisins að sé algengur tími rannsóknar. Að viðbættri vinnu vegna Covid-19 hafi málsmeðferðartími í mörgum kvörtunarmálum dregist umfram það sem eðlilegt geti talist með hliðsjón af málshraðareglu 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hvað varðar aðgerðir ráðherra vegna meðferðar kvartana hjá embætti landlæknis er í svarbréfinu í fyrsta lagi bent á frumvarp sem þáverandi heilbrigðisráðherra hafi lagt fram á 149. löggjafarþingi 2018-2019 þar sem gert var ráð fyrir breytingum á 12. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, sem fjallar um kvartanir til landlæknis og meðferð þeirra. Það frumvarp hafi ekki náð fram að ganga. Árið 2021 hafi ráðherra skipað starfshóp sem hafi haft það hlutverk að endurskoða II. kafla ofangreindra laga, þ. á m. 12. gr. um kvartanir. Verkefni hópsins hafi reynst umfangsmeiri en lagt var upp með og verið færð að nokkru leyti í aðra og afmarkaðri vinnuhópa.

Í svarbréfinu er í öðru lagi vikið að yfirstandandi aðgerðum sem taldar eru til þess fallnar að koma málsmeðferðartíma kvartana hjá embættinu í betra horf. Þannig hafi ráðherra um mitt síðasta ár skipað starfshóp um endurskoðun refsiábyrgðar heilbrigðisstarfsfólks. Meðal þess sem hópurinn hafi til skoðunar sé að færð verði í lög heimild til handa landlækni til að vísa frá tilteknum kvörtunum þannig að ekki komi til rannsóknar á sama atviki á grundvelli bæði 10. og 12. gr. laga nr. 41/2007, eins og nú geti gerst. Einnig sé til skoðunar hvort færa eigi kvartanir sem lúta að framkomu starfsfólks frá landlækni og til forstöðumanna viðkomandi heilbrigðisstofnana. Fram kemur að framangreindar breytingar á lögum væru til þess fallnar að fækka kvörtunarmálum hjá landlækni og þar með bæta málsmeðferðartíma þeirra

kvartana sem eftir stæðu. Jafnframt sé horft til þess í vinnu umrædds starfshóps að efla þurfi starfsemi landlæknis er lýtur að rannsóknum á alvarlegum atvikum og kvörtunarmálum. Umboðsmanni er kunnugt um að nú hafa verið birt í Samráðsgátt til umsagnar drög að frumvarpi heilbrigðisráðherra að lagabreytingum, m.a. að því leyti sem rakið er hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 41/2007, um landlæknin og lýðheilsu, fer heilbrigðisráðherra með yfirstjórn mála er varða embætti landlæknis. Ber ráðherra þannig ábyrgð á því að bregðast við ef kerfislægir eða viðvarandi annmarkar verða á stjórnsýsluframkvæmd embættisins. Líkt og vísað var til í fyrra bréfi umboðsmanns er að jafnaði gengið út frá því að á ráðherra, sem fer með yfirstjórn viðkomandi málaflokks, hvíli sú skylda að gera virkar ráðstafanir til að koma starfsemi stofnunar úr viðvarandi ástandi í andstöðu við lög í lögmætt horf, enda hafi ráðstafanir forstöðumanns ekki náð tilætluðum árangri. Geta slíkar ráðstafanir t.a.m. falist í því að sjá til þess að nauðsynleg þekking og nægt starfsfólk sé tiltækt til þess að unnt sé að sinna verkefnum innan hæfilegs tíma. Í þessu samhengi er rétt að fram komi að samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis 21. febrúar sl. voru 403 kvartanir óafgreiddar samkvæmt málaskrá embættisins miðað við 341 kvörtun í árslok 2021. Af þessu er ljóst að vandi embættisins við að afgreiða kvartanir innan hæfilegs tíma er umfangsmikill og virðist þróunin í meðferð kvörtunarmála undanfarin ár helst benda til þess að hann muni halda áfram að aukast.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðisráðherra upplýsi umboðsmann nánar um hvort og þá hvenær hann telji vinnu ofangreinds starfshóps koma til með að skila árangri í að hraða málsmeyferð kvartana hjá embætti landlæknis þannig að unnt verði að vinna á þeim fjölda kvartana sem nú þegar er til meðferðar hjá embættinu. Þá er þess óskað að ráðherra útskýri frekar hvað felist í fyrrgreindri fyrirætlun um eflingu starfsemi landlæknis er lýtur að rannsóknum á alvarlegum atvikum og kvörtunarmálum svo og hvenær áætlað er að aðgerðir í því sambandi komi til framkvæmda.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni eigi síðar en 10. mars nk. Tekið skal fram að embætti landlæknis er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála
og OPCAT